

blár sem hel. Tvö andstæð öfl eru að brjótast um ísálu hans, og það lítr út fyrir, að hann muni ætla að verða algjörlega slitin sundr af þeim öllum—heiðindóminum og kristindóminum. Hann vildi lang-helzt, að sáttum yrði komið á, heiðarlegum sáttum, og í þá átt var hann knúðr af anda kristinnar trúar; en heiðindómsandinn heimtaði hefnd. Og eftir að hann hafði svo átakanlega verið særðr af frændkonu sinni, syrgjandi ekkju hins vegna saklausa manus, var nálega auðsætt, að hann myndi neyðast til að taka það ráð, er öllum gegndi verst. Sáttatilraunin á alþingi misheppnaðist.—Og svo urðu úrræðin þau, að brenna þá Njál og sonu hans inni. En þegar loks er gripið til þess voðalega óyndis-úrræðis, er hin kristna samvizka Flosa enn vakandi. Hann lýsir yfir því í heyrenda hljóði, er hann á þennan hátt með mönnum sínum seekir að bænum að Bergþórshvoli, að þetta sé stór ábyrgðarhlutr fyrir guði, þar sem þeir sjálfir sé menn kristnir. Og er þar sýnt, hve sterkt afl kristindómrinn er þá þegar farinn að verða í þjóðlífinu á Íslandi, þó að hann sé ekki enn orðinn nógu sterkt afl til þess að afstýra þessu voðaverki. En voðaverkin heiðinglegu fara svo stórum dvfnandi. Og þegar komið er fram á miðja þá öld, er kristindómrinn búinn að fá svo mikið vald yfir samvizku þjóðarinnar, að landið má kalla vel kristið land. Undir lok aldarinnar er svo komið, að vopnaburðr meðal höfðingja hefir nálega með öllu lagzt niðr og þjóðin nýtr fullkomins friðar og velsældar í skjóli blómlegrar kristinnar kirkju.

Og vitanlega er það kristindómrinn, sem framleiddi hinar merkilegu forn-íslenzku bókmenntir á tólftu og prettánda öldinni, bókmenntir, sem hafa svo sterkt lífsmagn, að þær halda áfram að vaxa og fullkomnast um langa tíð eftir að trúarlífið í kirkjunni er komið í hörmulega visnan og sýnist ekki framar eiga neina viðreisnarvon. Á Sturlungaöldinni er heiðindómrinn aftr fallinn yfir land og lýð, þó að þjóðin gangi þá enn undir kristnu nafni; og sá nýi heiðindómr er að sumu leyti enn þá ómurlegri en hinn forni, þar sem menn á þeirri fráfallstíð með kristinni trúarjátning í orði kveðnu voru þá óðum að vaxa niðr á við. En þó að trúarlífsástandið væri svo hryggilegt

þá, að
að bók
kristin
hjá k
kristni
lenzka
og þó
og nál
yfir þj
hjá þj
að kri
kemr
upp ce
orsök
ánda
trúarlí
þjóð v
bjart l
forma
hefst a
ur mje
ekki n
varpa
nn, e
fagnað
flóðölu
seytjá
þan ja
fanga
mennt
fengur
þorlák
ina m
í þessa
öðrun
um óg
um Je